

Mál nr. 387/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verndarandlag skaðabótareglna, sennileg afleiðing. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 28. nóvember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. desember 2025.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi skýrslu Vinnueftirlitsins og í málskoti kemur fram að milli kl. 09:30 og 10:00 hinn 10. janúar 2024 hafi orðið alvarlegt vinnuslys í Grindavík. Um var að ræða slys þar sem A, sem var samstarfsmaður M, hafði að öllum líkindum fallið í sprungu við vinnu sína. Í skýrslu Vinnueftirlitsins er atvikum lýst þannig að verktakafyrirtækið Y, sem A og M unnu hjá, hafi tekið að sér sprungufyllingarverkefni við tiltekið hús í bænum. Hafi starfsmenn fyrirtækisins hafið þá vinnu 8. janúar 2024 og verið búnir að vinna að því í rúma tvo daga þegar slysið varð. Hafi verkinu því sem næst verið lokið en A hafði unnið að lokafrágangi, þ.e. yfirborðsþjöppun á jarðvegi. M sá m.a. um að sækja efni á vörubíl sem notað var til að fylla í sprungurnar. Kemur fram að M hafi farið á vörubílnum um kl. 09:30 og komið aftur um kl. 10:00 en þá hafi A hvergi verið sjáanlegur. Fljótlega hafi M séð holu upp við húsið á verksvæðinu og áttað sig á að A hafi sennilega fallið þangað niður. M hringdi þá í starfsmenn X og í framhaldinu í Neyðarlínuna. Um svipað leyti hafi starfsmaður X, sem sé reyndur björgunarsveitarmaður, komið á vettvang. Hann hafi útvegað viðeigandi búnað og verið í framhaldinu látinn síga ofan í sprunguna. A hafi hvergi verið sjáanlegur en jarðvegsþjappan sem notuð hafði verið við verkið var ofan í sprungunni.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur einnig fram að umrætt verk hafi verið unnið að beiðni Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ). Hafi NTÍ leitað til X varðandi ráðgjöf um hvort hægt væri að forða frekara tjóni við þetta tiltekna hús. Hafi X sem taldi mögulegt að fylla undir húsið tekið verkið að sér og komið í framhaldinu með tillögu um hvernig standa ætti að því. Það hafi því m.a. verið hlutverk X að ráða verktaka og skipuleggja framkvæmd verksins. Þá hafi X haft reglulegt eftirlit með framkvæmdum ásamt nokkrum öðrum sambærilegum verkum í bænum, sem fólst meðal annars í að aðlaga verklag eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað. Hvað varðar framangreint sprunguviðgerðarverkefni þá var lagt upp með að verkið yrði unnið úr gröfu með áfastan „víbrósleða“ til að starfsmenn þyrftu ekki að fara út úr tækjum við vinnuna. Leitað var til Y um að taka að sér verkið vegna þess að það var með umræddan búnað, auk þess sem Y og A höfðu mikla reynslu af jarðvegsvinnu. Er slysið varð vann A með lausa jarðvegsþjöppu sem stóð á fyllingunni þar sem ekki var unnt að vinna með búnaðinn sem var fastur á gröfunni, þ.e. „víbrósleðann“, þar sem hann hafði bilað daginn áður. Kemur fram í skýrslunni að X hafi verið kunnugt um bilunina en að X segist ekki hafa haft vitneskju um að til stæði að nota lausa jarðvegsþjöppu. Hafi fyrirmæli frá X verið þau að öll vinna sem þessi á svæðinu skyldi unnin úr vélum. Talið var að jörðin hafi skyndilega opnast þar sem A vann og hann hafi að öllum líkindum fallið niður ásamt þjöppunni.

Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni af völdum andlegs áfalls vegna slyss A. Telur hann jafnframt að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu vegna brota á þeim kröfum sem gerðar séu til atvinnurekenda og verkstjóra á grundvelli 13., 21., 23., 37., 42., 65., 65. gr. a og 86. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og nánar tilgreindum ákvæðum reglugerða settra á grundvelli þeirra laga. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til þess að X sem hafi tekið að sér umrætt verk hafi verið það ljóst að aðstæður á verkstað væru mjög ótryggar og að unnið væri á ótraustu undirlagi við sprungur sem hefðu nýlega myndast og ekki var búið að kanna til hlítar. Byggir M á að X hafi borið að tryggja öryggi aðstæðna á vinnustað og hefði í því skyni m.a. borið að framkvæma skriflegt áhættumat og kynna fyrir M og A sem ekki hafi verið raunin. Bendir M einnig á að ef gerð hefði verið áætlun um öryggi framkvæmdarinnar hefði mátt sjá fyrir þær hættur sem hann og A unnu við alveg fram að því að hættan raungerðist 10. janúar 2024. Telur M því að fyrirsjáanlegt hafi verið að M og A hafi verið settir í töluverða hættu með því að vinna við og ofan á sprungum sem ekki hafði verið könnuð

af X og að afleiðingar slyss gætu orðið alvarlegar. X hafi sem sérfræðingur á umræddu sviði mátt vita að mikil holrými leyndust víða á hættusvæðinu enda hafi legið fyrir upplýsingar um slíkt áður en störf hófust og því hafi verið brýn nauðsyn á að framkvæma áhættumat áður en M og aðrir voru fengnir til verksins. X hefði auðveldlega og með litlum kostnaði getað látið skanna fyrir holrýmum áður en framkvæmdirnar hófust. Bendir M á að slík kortlagning á jarðvegi og holrýmum hafi farið fram af hálfu X eftir slysið. Þessu til viðbótar bendir M á alvarlega vankanta á verkstjórn X á hættusvæðinu. Komi fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að skipulag á verkstað hafi verið óreiðukennt og hvorki eftirlit né eftirfylgni með öryggisþáttum. Þá hafi X verið upplýstur um að „víbrótleði“ sá sem lagt hafði verið upp með að notaður væri við verkið hafi bilað og því væri ekki hægt að vinna verkið úr gröfu. Þrátt fyrir þetta hafi X ekki stöðvað vinnuna. Þá bendir M einnig á að X hafi verið upplýstur um að jarðefnið sem mokað hafði verið í sprunguna væri að síga milli daga. X hafi hins vegar fullvissað M og A um að það væri eðlilegt og að engin hætta stafaði af því. Telur M að framagreind vanræksla X gagnvart lögbundnum skyldum sínum hafi falið í sér kæruleysi og tillitsleysi gagnvart hagsmunum M og það hafi verið hending ein sem réði því að það var A en ekki M sem féll ofan í sprunguna. Telur M að auðvelt hefði verið fyrir X að koma í veg fyrir slysið ef hann hefði gætt þess að aðstæður á vinnustað væru forsvaranlegar og aðbúnaður fullnægjandi. Hér hafi því ekki verið um óhappatilvik að ræða. Vísar M í Hrd. í málum nr. 29/2011, 748/2012 og 777/2013 máli sínu til frekari stuðnings.

M mótmælir þeim rökum V að X hafi ekki farið með verkstjórn á svæðinu m.a. með vísan til þess að ekki liggi fyrir neinn samningur milli X og Y, auk þess sem X hafi ekki haft neitt boðvald yfir verktökum eða starfsmönnum þeirra. M telur, með vísan í skýrslu Vinnueftirlitsins, að X hafi tekið umrætt verk að sér og hafi séð um að ráða verktaka og skipuleggja framkvæmd verksins. Þá bendir M einnig á að skv. 17. og 36. gr. laga nr. 46/1980 hafi X og öðrum atvinnurekendum borið sameiginleg skylda til þess að tryggja góðan aðbúnað og heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Vísar M í Hrd. í máli nr. 415/1997 og Lrd. í máli nr. 128/2011 því til stuðnings. Komi fram í þeim dómum að framangreind skylda skuli ná til allra starfsmanna á byggingasvæði óháð því hver sé formlegur vinnuveitandi viðkomandi starfsmanna.

Þessu til viðbótar mótmælir M rökum V sem fram koma í höfnunarbréfi, dags. 6. maí 2025, og snúa að því að M eigi ekki bótarétt vegna líkamstjón síns, þar sem slíkt tjón vegna andlegs áfalls þriðja manns falli utan verndarandlags skaðabótaréttar. Hafi V vísað til fræðilegra skrifa í því sambandi, þ.e. bls. 399-401 í ritinu Bótaréttur I eftir Eirík Jónsson og Viðar Má Matthíasson. M hafnar því að þær þrjár ástæður sem V byggir þar á eigi að leiða til þess að M eigi ekki skaðabótarétt gagnvart X. Í fyrsta lagi telur M að það skilyrði að sá sem geri bótakröfu vegna andlegs áfalls þurfi að hafa verið í hættu á að slasast sjálfur og að áfall hans sé af þeim sökum, sé uppfyllt. Bendir M í því sambandi á að hann hafi ásamt A unnið við sprunguna þegar slysið átti sér stað. Hafi hann ítrekað staðið á fyllingunni á miðri sprungunni og þjappað efni með sama hætti og A gerði er slysið varð. Það hafi því verið hending ein sem olli því að það var A en ekki M sem féll í sprunguna. M telur sig því hafa verið í raunverulegri og bráðri hættu á að falla ofan í sprunguna. Í öðru lagi byggir V á því að ólíklegt verði að telja að þriðja manni yrðu dæmdar bætur ef frumtjóni er valdið af almennu gáleysi. Vegna þessa er bent á það í málskoti að lögreglurannsókn hafi farið fram vegna slyssins. Byggir M á því að samkvæmt heimildum hafi minnst einn starfmaður X réttarstöðu sakbornings. Telur M því ljóst að starfsmenn X hafi sýnt af sér verulegt gáleysi er þeir létu hann og A vinna við fyllingu á opinni sprungu. Þá hafi verkstjórn X á staðnum einkennst af óreiðu og slægum undirbúningi. Telur M því liggja fyrir að sök X sé það mikil að ekki yrði farið út fyrir mörk skaðabótaábyrgðar verði fallist á skaðabótakröfuna. Í þriðja lagi byggir V á því að ólíklegt sé að þeir aðilar sem ekki eru mjög skyldir tjónþola geti öðlast rétt til skaðabóta við alvarlegt líkamstjón eða dauða. Vegna þessa bendir M á að þetta eigi ekki við í hans tilviki þar sem hann hafi verið í beinni hættu á að slasast sjálfur. Þá er einnig bent að A hafi verið góður vinur og náinn samstarfsmaður M og að þeir hafi unnið saman til fjölda ára. Telur M að allt framangreint eigi að leiða til þess að X teljist bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóninu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 28. nóvember 2025, er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð vegna andlegra veikinda M í kjölfar áfalls hans við vinnu sína í Grindavík 10. janúar 2024. Telur V að í fyrsta lagi sé ósannað að X hafi sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi. Hafi X verið einn af fjölmörgum aðilum sem komu að verkefnum í Grindavík og hafi tekið að sér afmarkaðan hluta þeirra aðkallandi verkefna sem lágu fyrir á tímum náttúruhamfara og neyðarástands. Þá sé ósannað að X hafi haft eiginlegt boðvald yfir verktökum á verkstað í umrætt sinn enda hafi það verið á herðum hvers atvinnurekanda og/eða verktaka að gæta þess að áhættumat lægi fyrir í hverju verki og að viðeigandi

öryggiskröfum væri fullnægt. Vísar V í niðurstöðu skýrslu Vinnueftirlitsins í þessu sambandi, þar sem m.a. segi: „Að sama skapi hefði verktakinn sem um ræddi átt að undirgangast það áhættumat eða vera sjálfur með fullnægjandi áhættumat.“ Í öðru lagi byggir V höfnunina á því að ekki séu uppfyllt skilyrði skaðabótaréttar fyrir því að M geti fengið hið andlega tjón sitt bætt. M hafi komið fyrstur á slysstað en ekki verið vitni að því þegar A féll ofan í sprunguna. Því telur V að þrátt fyrir að M hafi upplifað hræðslu eftir atvikið þá geti sú upplifun eða áfall hans ekki leitt til skaðabótaskyldu X. Vísar V í framangreind fræðiskrif í þessu sambandi þar sem gerð sé grein fyrir þremur skilyrðum sem uppfylla þarf til þess að til greina komi að þriðji maður sem verður fyrir andleg áfalli geti átt skaðabótarétt. Í fyrsta lagi sé það skilyrði sett að sá sem gerir kröfur um bætur vegna andlegs áfalls vegna slyss annars aðila hafi verið í hættu á að slasast sjálfur og að áfall hans sé af þeim sökum. Almennt leiði það ekki til bótaréttar þótt maður sé á vettvangi og verði vitni að skaðabótaskyldri háttsemi, jafnvel þótt um ásetning tjónvalds sé að ræða. Í öðru lagi verði að telja afar ólíklegt að fallið yrði frá undantekningu frá meginreglunni, og aðstandendum dæmdar bætur ef frumtjóni er valdið af almennu gáleysi. Helst yrði slík undantekning gerð ef t.d. maki eða foreldri yrðu vitni af slysinu eða yrðu upplýst um slysið með mjög ótillitssömum hætti. Í þriðja lagi verði að telja afar ólíklegt að aðrir en þeir sem eru mjög skyldir tjónþola geti átt rétt til skaðabóta við alvarlegt líkamstjón eða dauða. Bendir V aftur á að M hafi ekki lent sjálfur í eiginlegu atviki og jafnvel þó síðar hafi komið ljós að aðstæður hafi verið með þeim hætti sem lýst hafi verið, þá geti hugleiðingar og getgátur um hvað hefði hugsanlega getað komið fyrir aðra starfsmenn en A ekki leitt til þess að skaðabótaskylda verði felld á X. Þessu til viðbótar byggir V á að M hafi ekki sýnt fram á tjón sitt, umfang þess eða að orsakatengsl séu til staðar milli meintrar saknæmrar háttsemi X og ætlaðs tjóns vegna áfalls í kjölfar framangreindra atburða.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 5. desember 2025, færir M rök gegn framangreindum málalíbúnaði V. Þá telur M að leggja beri skýrslu Vinnueftirlitsins til grundvallar við mat á aðkomu og ábyrgð X á svæðinu. Til viðbótar er hnykkt á þeirri skoðun að tjón M sé ekki tilkomið vegna hugleiðinga og getgátna um hvað hefði hugsanlegu geta orðið, heldur stafi það af þeim hættulegu aðstæðum sem A og M störfuðu við og X hafi borið ábyrgð á. Að lokum eru færð fyrir því rök að fyrirbyggjandi gögn dugi til að sanna að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Bendir M á Lrd. í máli nr. 907/2024 því til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á að fá skaðabætur úr ábyrgðartryggingu X vegna andlegra afleiðinga af völdum slyss A. Í skaðabótarétti hefur sú meginregla verið talin gilda að tilvik þar sem þriðji maður verður fyrir andlegu áfalli vegna þess að einhver annar verður fyrir líkamstjóni falli almenn uttan marka skaðabótaábyrgðar. Hefur í þessu sambandi ýmist verið við það miðað að slíkt tjón sé ekki sennileg afleiðing frumtjónsins eða að tjónið falli einfaldlega utan marka skaðabótaréttarins, eins og skynsamlegt sé að afmarka þau. Frá þessari meginreglu kunna þó að vera frávik. Hafa eftirtalin þrjú tilvik verið nefnt í því sambandi. Það er M að sýna fram á að þau skilyrði sem þar eru sett séu uppfyllt í þessu máli. Í fyrsta lagi hefur verið við það miðað að viðkomandi hafi í raun verið í hættu á að slasast sjálfur og áfallið sé af þeim sökum. Almennt leiðir það ekki til skaðabótaréttar þótt maður sé á vettvangi og verði vitni að skaðabótaskyldri háttsemi ef viðkomandi er ekki í hættu sjálfur. Hvað M varðar þá telur nefndin að þegar horft er til þess hvernig störfum A og M á vettvangi var háttað, hefði M allt eins getað fallið í sprunguna í umrætt sinn. Hann hafi því verið í raunverulegri hættu í framangreindum skilningi. Hins vegar telur nefndin að ekki sé hægt að álykta á grundvelli fyrirbyggjandi gagna að það teljist sannað að hið andlega tjón M verði frekar rakið til þess að hann hafi verið í hættu en af því að A féll í sprunguna. Í öðru lagi verður að telja að til þess að fallast megi á undantekningu frá meginreglunni dugi ekki að sýnt sé fram á að frumtjóninu hafi verið valdið af almennu gáleysi. M þurfi því að sanna að tjónið verði rakið til frekara gáleysis X eða einhverra þeirra sem X kann að bera skaðabótaábyrgð á, nokkuð sem nefndin telur að honum hafi ekki tekist. Í því sambandi telur nefndin t.d. að ekki liggi fyrir fullnægjandi sönnun þess að X hafi verið kunnugt um að A og M myndu nota jarðvegsþjöppu við verkið eftir að „vibrósléði“ sá sem lagt hafði verið upp með að notaður yrði hafði bilað. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur m.a. fram það álit að ef „vibrósléði“ hefði verið notaður í stað jarðvegsþjöppu hefði mátt koma í veg fyrir slys A. Í þriðja lagi hefur verið talið ólíklegt að vikið verði frá meginreglunni gagnvart öðrum tjónþolum en þeim sem taldir eru upp í 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga eða hafa sambærileg tengsl við tjónþola og þau sem þar eru talin upp, þ.e. maki, börn og foreldrar þess sem slasast. Nefndin telur að M uppfylli ekki þetta skilyrði.

Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að M eigi ekki rétt á bótum vegna andlegra einkenna sinna úr ábyrgðartryggingu X, hjá V. Að fenginni þessari niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla um málsástæður M að öðru leyti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir